

**199. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn  
þriðjudaginn 23. maí 2017, kl. 8:30  
í Aratungu**

Mætt voru:

*Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson (er þátttakandi í gegnum síma), Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.*

**1. Ráðning skólastjóra Bláskógaskóla Reykholti.**

Vísað er til dagskráliðar 9.8 á 198. fundi sveitarstjórnar þar sem skipaður var vinnuhópur til að vinna tillögu að ráðningu skólastjóra Bláskógaskóla Reykholti með aðstoð Ingvars Sigurgeirssonar og Valtýs Valtýssonar.

Vinnuhópurinn hefur átt viðtöl við 6 umsækjendur sem uppfylltu þau skilyrði sem fram voru sett í atvinnuauklýsingu og leggur fram þá tillögu að Hreinn Þorkelsson verði ráðinn sem skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti frá og með 1. ágúst 2017.

Tillagan er samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamningi við Hrein Þorkelsson.

**2. Afmæli Bláskógabyggðar og heimsókn forseta Íslands.**

Helgi Kjartansson, oddviti, greindi frá því að forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson mun koma í opinbera heimsókn til Bláskógabyggðar í tilefni 15 ára afmælis sveitarfélagsins, þann 9. júní 2017.

Oddviti greindi frá skipulagningu dagskrár.

Fundi slitið kl. 9:40.

---

Helgi Kjartansson, oddviti

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Kolbeinn Sveinbjörnsson

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Eyrún M. Stefánsdóttir

---

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

---

Valtýr Valtýsson